



# VET-READY

**WP3 A2 Efni fyrir próf kennara**

**Fjölvalsspurningapróf til færnimats**

**EINING 4: VIÐBÚNAÐUR VEGNA HAMFARA Í  
SKÓLUM OG ÞJÁLFUN Í ÖRYGGU NÁMSUMHVERFI**

**HLUTI 20: Tekið á mýtum og rangupplýsingum um  
hamfarir í skólum**

Verkefnanúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by  
the European Union

Styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og viðhorf sem hér koma fram eru þó eingöngu höfundar og endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né veitandi styrksins bera ábyrgð á þeim.

Spurning	Valkostir (merktu við rétt svar með x)	
1. Hvert er meginmarkmið þjálfunarhlutans „Tekið á mýtum og rangupplýsingar um hamfarir í skólum“?	a. Að veita ítarlegar leiðbeiningar um hvernig skuli byggja jarðskjálftahelda skóla.	
	b. Að þjálfa starfsfólk skóla í flókinni bráðahjálp.	
	c. Að gera nemendum kleift að þekkja, véfengja og leiðrétta algengar mýtur og rangupplýsingar tengdar hamförum í skólum.	*
	d. Að greina sögulega þróun skólabruna í Evrópu.	
2. Hvaða lykilþekkingarkrafa krefst þess að nemendur skilji sálfræðilega þætti krísuástands?	a. Að beita „Drop, Cover, and Hold On“ tækninni.	
	b. Að þekkja algengar sálfræðilegar kveikjur (t.d. ótta, vantraust) sem gera skólasamfélög berskjölduð fyrir orðrómi og ofvæni.	*
	c. Að greina áreiðanlegar fréttaveitur.	
	d. Að útskýra rýmingarreglur vegna flóða.	
3. Hvaða fullyrðing er mýta sem hefur verið hrakin varðandi öryggi í jarðskjálfta í skóla?	a. Að hlaupa út á fótboltavöll er öruggasta aðgerðin.	
	b. Að standa undir dyraumbúnaði veitir bestu vörnina gegn hlutum sem falla.	*
	c. Nemendur ættu strax að leita að sterku borði til að fela sig undir.	
	d. Kennarar ættu alltaf að reyna að grípa símana sína áður en þeir leita skjóls.	
4. Hvaða staðreynd hrekur flóðamýtuna: „Flóðvatn kemst aldrei inn í skóla sem er staðsettur uppi í hlíð“?	a. Allir skólar eru byggðir á algjörlega flóðöruggu landi.	
	b. Skyndiflóð geta haft áhrif á hvaða svæði sem er; utanaðkomandi þættir eins og stíflurof eða aftakarigning geta skapað hættu óháð hæð yfir sjó.	*
	c. Flóðatryggingar bæta allan skaða samstundis.	



	d. Flóðaviðvaranir eru yfirleitt ýkjur.	
5. Hvaða meginregla hrekur mýtuna um iðnaðarbruna: „Að hlaupa beint í gegnum reyk er hraðasta leiðin til öryggis“?	a. Reykur frá iðnaðarbrunum er yfirleitt skaðlaus lungum.	
	b. Öruggasta leiðin er að halda blautum klút fyrir andlitinu.	
	c. Að skríða lágt og fylgja ákveðnum rýmingarleiðum kemur í veg fyrir alvarlega reykinnöndun og dregur úr ruglingi.	*
	d. Nemendur ættu að bíða í skólastofunni þar til búið er að slökkva eldinn.	
6. Hvaða fullyrðing er mýta sem hefur verið hrakin varðandi rafmagnsleysi í skólaumhverfi?	a. Allar skólastofur eru með sjálfvirka neyðarlýsingu.	
	b. Nemendur ættu strax að yfirgefa skólalóðina ef rafmagnnið fer af.	*
	c. Farsímar eru áreiðanlegasta uppspretta opinberra upplýsinga.	
	d. Rafmagnsleysi orsakast oft af minniháttar eldingum.	
7. Hvaða öryggismýta um hitabylgjur er hrakin með þeirri staðreynd að tilteknir drykkir geta aukið vökvaskort?	a. Aðeins útivist er takmörkuð í hitabylgju.	
	b. Skólabyggingar eru alltaf náttúrulega svalari en umhverfið úti.	
	c. Sykraðir drykkir eða koffín halda nemendum vel vökvuðum í miklum hita.	*
	d. Klakapakkar eru eina virka leiðin til að kæla sig niður.	
8. Hver er lykilstaðreyndin sem hrekur mýtuna um heimsfaraldra/heilbri gðisógnir: „Aðeins börn með	a. Grímur stöðva algjörlega útbreiðslu allra loftborinna sjúkdóma.	
	b. Allir nemendur og starfsfólk eru móttækileg fyrir smiti; almennar öryggisráðstafanir eru nauðsynlegar til að vernda allt skólasamfélagið.	*



undirliggjandi sjúkdóma eru í hættu“?	c. Skólalokanir eru eina virka ráðstöfunin.	
	d. Aðeins vítamín geta komið í veg fyrir veikindi.	
9. Hvert er hlutverk þverlægu ESCO-færninnar, T3.2: Að sýna frumkvæði (proactive approach), í viðbúnaði skóla vegna hamfara?	a. Að hvetja nemendur til að treysta eingöngu á utanaðkomandi sérfræðinga.	
	b. Að kenna nemendum að bera enga ábyrgð í neyðarástandi.	
	c. Að efla ákveðni, frumkvæði og ábyrgðarkennd hjá nemendum og starfsfólki við gerð viðbragðsáætlana og í neyðarviðbrögðum.	*
	d. Að tryggja að allar ákvarðanir séu teknar af skólastjóra einum.	
10. Hvaða aðgerð tengd efnaleka er mýta sem ætti að forðast í skóla?	a. Að fylgja verklagi um „skjól á staðnum“	
	b. Að reyna að síá eittrað loft með því að opna alla glugga og hurðir.	*
	c. Að hlusta á kallkerfi skólans eftir leiðbeiningum.	
	d. Að athuga strax neyðarforrit skólans fyrir samskipti.	





# VET-READY

<https://vetready.eu/>

Fylgdu okkur



Co-funded by  
the European Union